



Innritunarferli 6 ára barna

1. Innritun í grunnskóla Kópavogs fer fram í gegnum þjónustugátt bæjarins og stendur til 8. mars ár hvert. Innritunin er auglýst í Kópavogsblöðunum, á heimasíðu Kópavogs og heimasíðum grunnskóla og leikskóla Kópavogs.
2. Fyrir innritunardagana fá skólarnir (ritarar skólanna) lista úr íbúaskrá/þjóðskrá yfir öll 6 ára börn sem búa í viðkomandi skólahverfi.
3. Þegar innritunardagarnir eru liðnir fara ritarar grunnskólanna yfir listann og hringja í foreldra/forráðamenn þeirra barna sem eru á listanum en hafa ekki skráð börnin í skólann.
4. Ef ekki næst í foreldra einhvers barns hafa ritararnir samband við verkefnastjóra grunnskóladeildar og þar er leitað skýringa og ekki hætt fyrr en hún er fundin. Stundum er búið að innrita börn í annan skóla í Kópavogi eða þetta hefur farið fram hjá foreldrum. En stundum eru börnin flutt úr skólahverfinu.